EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3425

Rekstraraðili	Tegund starfsemi	Starfsleyfisnúmer:
Coripharma ehf. kt: 4910023280	Lyfjaframleiðsla	Á ekki við **Gildistími starfsleyfis** 30. mars 2026 Tímabundin framlenging til 30. mars 2027
Starfsstöð	**Tegund eftirlits**	**Dagsetning eftirlits**
Reykjavíkurvegur 76-78, Hafnarfirði	Reglubundið eftirlit	15.10.2026
Starfstöðvarnúmer:	**Eftirlitsmaður**	**Útgáfudagur skýrslu**
ET-410	Kjartan Guðmundsson	3. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Jóhannes Helgason	Specialist EHS

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu ekki fram ný frávik frá starfsleyfi. Fráviki frá fyrra eftirliti er varðar geymslu spilliefna er lokað. Eitt eldra frávik, er varðar losun efna á lista II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, er enn opið.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit án vettvangsheimsóknar, þar sem eingöngu var farið yfir stöðu frávika og ábendinga frá fyrra eftirliti, fór fram þann 15. október 2026.

Coripharma ehf. rekur lyfjaframleiðslu að Reykjavíkurvegi 76–78 í Hafnarfirði. Starfsleyfið tekur til reksturs lyfjaframleiðslu án tilgreindra framleiðslumarka og telst starfsemin innan gildissviðs starfsleyfis. Rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi og er umsóknin í vinnslu hjá Umhverfis- og orkustofnun.

Við eftirlit 9. október 2025 var sett frávik vegna spilliefnagáms á lóð sem ekki var vatnsheldur. Úrbótaáætlun barst 10. desember 2025 og var samþykkt af Umhverfis- og orkustofnun í lok desember 2025. Rekstraraðili staðfesti 14. október 2026 að notkun gámsins hefði verið hætt í lok desember 2025 og að spilliefni séu nú geymd í tveimur læsanlegum 660 lítra körum frá Terra, sem tæmd eru oftar en gámurinn var. Rekstraraðili hefur ákveðið að fyrirkomulagið verði varanlegt. Fráviki frá fyrra ári er varðar geymslu spilliefna er því lokað.

Eldra frávik er varðar losun efna á lista II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sem greinst hafa í fráveituvatni án sérstakrar heimildar í starfsleyfi, stendur óbreytt. Staða fráviksins verður endurskoðað þegar nýtt starfsleyfi með skilgreindum losunarmörkum hefur verið gefið út.

Setþrær voru tæmdar í nóvember 2025. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila var ekki unnt að skilja set frá vatni við tæmingu; dælt var upp 52.340 lítrum af blöndu vatns og sets og því fargað í Álfsnesi á losunarstað sem Sorpa tilgreindi fyrir úrgang af þessu tagi. Sýnataka úr setþróm eftir tæmingu fer fram í október 2026 og er niðurstaðna að vænta um miðjan nóvember 2026. Rekstraraðili var beðinn um að senda eftirlitsaðila niðurstöðurnar þegar þær liggja fyrir.

Ábendingar frá eftirliti 2025 um aðgengi öryggisblaða, notkun lekavarna og aðskilnað sýra og basa í efnaskápum verða sannreyndar í næstu vettvangsheimsókn.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
Viðauki II með reglugerð nr. 796/1999	Frávik skráð: 17.12.2021 Mengun vatns er óheimil. Losun efna og úrgangs í vatn, þ.m.t. efna á listum I, II, III og IV í viðaukum með reglugerðinni, er óheimil nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, viðauka með henni og starfsleyfi.	**Opið**

	Losun efna á lista II er óheimil án sérstakrar heimildar í starfsleyfi. Efni á lista II hafa greinst í fráveituvatni án þess að starfsleyfi heimili losun þeirra.	
Starfsleyfi, kafli um spilliefni og úrgang, sbr. rg. nr. 737/20	Frávik skráð: 09.10.2025 Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er, þannig að að ekki er hætta að þessi efni berist út í umhverfið. *Spilliefni skulu geymd í tryggri og vatnsheldri geymslu. Spilliefnagámur á lóð er ekki vatnsheldur. Notkun gámsins hætt í desember 2025 og spilliefni geymd í læsanlegum 660 lítra körum.*	**Lokað**

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.